

Skólaráðsfundur 6. Fundur 30. mars 2011

Mætt eru: Rúna Björk Þorsteinsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Kristófer Eggertsson, Sigrún Bjarnadóttir, Marínó Már Marinósson, Anna Guðný Björnsdóttir, Magnea Einarsdóttir, Kristján Óli Ingvarsson, Össur Geirsson, Særún Sígurjónsdóttir.

Farið var yfir fundagerðir 4. og 5. funda og þær samþykktar.

Dagskrá:

1. Skóladagatalið fyrir 2011-2012. Það var lagt fyrir til samþykktar.

Rætt var um að 180 dagar eru kennsludagar og þar inni eru fljótandi dagar (skertir dagar).

Einnig rætt um Öskudaginn sem heppanðist vel.

Skólastjórnendur sögðu frá því að það hafi verið hringt töluvert og kvartað yfir því að það væri kennsla þennan dag en það voru ekki margir sem tóku frí fyrir börnin sín samt sem áður. Sex skólar í Kópavogi hafa nú tekið upp að hafa kennslu á þessum degi og er gert ráð fyrir að skólunum fjölgi með árunum.

Skóladagatalið var samþykkt með öllum atkvæðum.

2. Önnur mál:

Umræða var um stefnumótunardag foreldra. Fram kom að foreldrar hafa áhyggjur af að niðurstöðurnar verði ekki notaðar. Sigrún sagði frá að stefnumótunar vinnan sem fram fór síðasta vor hafi verið aðal vinnutækið þeirra í sumar þegar verið var að gera handbók kennara og bækling sem fór inn á öll heimili. Núna er verið að taka saman niðurstöðurnar og verða þær væntanlegar um næstu mánaðarmót.

Eiríkur kom með ósk um að starfsmannakönnun verði sett á núna um t.d. línar starfsfólks í nýjum skóla og svo aftur eftir tvö til þrjú ár. Þetta væri svo einnig hægt að nota í sameiningum í framtíðinni t.d. í Reykjavík.

Rætt var um árshátíð unglíngastígs; það var búið að selja 150 miða sem ekki þykir mikið miða við 240 börn. Unglíngunum finnst miðinn dýr. Einnig var rætt um hve illa gengi að manna með foreldrum til að vinna þetta kvöld.

Eiríkur kom með ábendingu um að gefnir hafi verið bolir með merki skólans í fyrra vor og að krakkarnir séu að vaxa upp úr þeim. Umræða varð í hópnum um hvernig standa ætti að því að hafa boli/peysur með merki skólans til sölu. Ákveðið var að vísa þessu til foreldrafélagsins og athuga hvort foreldrafélagið gæti staðið fyrir þessu.

Innritun 6 ára barna er hafin og 65 börn hafa verið skráð nú þegar en talið er að 72 börn séu á skólasvæðinu.

Særún Sígurjónsdóttir skráði fundinn.

Fundi lokið.